Vegna: Máls nr. 0580/2024, Kársnes Þróunarsvæði. Rammahluti aðalskipulags. Lýsing skipulagsverkefnis. (Lýsing)

Athugasemd:

Isavia Innanlandsflugvellir hefur farið yfir gögn málsins.

Við lýsum yfir ánægju með kafla 3.7. Takmarkanir við flugvöllinn en vekjum jafnframt athygi á að hæðartakmarkanir taka ekki bara til hönnunar mannvirkja á svæðinu heldur einnig til tækja og tóla á byggingartíma húsa s.s. byggingarkrana, bílkrana, dæluröra steypubíla og slíks svo og trjágróðurs á svæðinu.

Þá minnir Isavia á að flugi yfir svæðið fylgir óhjákvæmilega nokkur hávaði og skert hljóðvist sem taka þarf mikið tillit til við kröfugerð hljóðvistar í skipulagsferlum og bygginga mannvirkja á svæðinu.

Bestu kveðjur
Sigrún Björk Jakobsdóttir, framkvæmdastjóri

Höfundur: Sigrún Björk Jakobsdóttir/sigrun.jakobsdottir@isavia.is

Sent inn þann: 23.05.2024 , **Fyrir hönd:** Isavia

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11 2026